

## AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 2 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Frá og með 15. desember 1972 tekur gildi viðauki og breytingar nr. 2 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. nóvember 1972.*

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

*Almar Grimsson.*

29. nóvember 1972.

Nr. 333.

## AUGLÝSING

um fólkvang Neskaupstaðar.

Náttúruverndarráð hefur tjáð ráðuneytinu, að engar athugasemdir hafi borizt, vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar fólkvangs Neskaupstaðar, sbr. auglýsingu í 32. tbl. Lögbirtingablaðs 10. maí 1972, en þar eru tilgreind mörk fólkvangsins og reglur um hann.

Náttúruverndarráð hefur hinn 4. ágúst 1972 samþykkt friðlýsingu fólkvangsins fyrir sitt leyti. Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og birtist hún hér með með skírskotun til 26., 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Að því er varðar reglur um mörk fólkvangsins o. fl., vísast til fylgiskjalsins.

*Í menntamálaráðuneytinu, 29. nóvember 1972.*

Magnús T. Ólafsson.

*Birgir Thorlacius.*


### Fylgiskjal.

#### Auglýsing frá Náttúruverndarráði.

Að tillögu Náttúruverndarnefndar Neskaupstaðar og að fengnu samþykki bæjarstjórnar Neskaupstaðar hefur Náttúruverndarráð ákveðið að friðlýsa svæðið, sem sýnt er á meðfylgjandi korti, sem fólkvang samkv. 26. gr. laga nr. 47/1971. Takmörk svæðisins eru þessi:

Að innan við Stóralæk, sem fellur til sjávar rétt utan við Vita. Frá efstu drögum Stóralækjar beint upp í eggjar og þaðan eftir kaupstaðarmörkum út í Nípukoll og niður í sjó á Níputá (Flesjartanga). Hið neðra markast svæðið af sjó, en friðlýsingin taki til grynninga meðfram ströndinni út frá umræddum takmörkum.

Um hið friðlýsta svæði verða settar eftirfarandi reglur:



----- Mörk friðlýsts svæðis.

**1. gr.**

Fólkvangur Neskaupstaðar er friðland, þar sem eingöngu gangandi fólk er frjáls umferð, enda varist það að skerða gróður og valda óþarfri truflun á dýralífi. Óheimilt er að raska föstum bergmyndunum á svæðinu, og ætlazt er til góðrar umgengni af vegfarendum í hvívetna.

**2. gr.**

Umferð vélknúinna ökutækja um fólkvanginn er stranglega bönnuð. Einnig er bönnuð meðferð skotvopna á svæðinu og undan strönd þess nema til eyðingar meindýra eftir sérstöku leyfi Náttúruverndarnefndar Neskaupstaðar.

**3. gr.**

Öll mannvirkjagerð og jarðefnataka er óheimil á svæðinu, en bætt verður úr spjöllum, sem þegar hafa verið unnin innan þess og þar um fylgt fyrirmælum Náttúruverndarnefndar Neskaupstaðar. Einnig er nefndinni heimilt að láta lagfæra gönguleiðir á svæðinu og gera aðrar ráðstafanir, er þurfa þykir, til að greiða götu vegfarenda.

**4. gr.**

Bannað er að beita húpeningi innan hins friðlýsta svæðis.

**5. gr.**

Eftirlit með fólkvangnum er í höndum Náttúruverndarnefndar Neskaupstaðar og þeirra aðila, sem hún kann að kveðja þar til.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 47/1971 skal athugasemdum við þessa friðlýsingu komið á framfæri við Náttúruverndarráð eigi síðar en 8 vikum frá birtingu þessarar auglýsingar.

Reykjavík, 11. apríl 1972.

F. h. Náttúruverndarráðs,

Birgir Kjaran, formaður.

**SAMPYKKTIR****Veiðifélags fyrir Laxá í Skefilsstaðahreppi, Skagafirði.****1. gr.**

Félagið heitir Veiðifélag Laxár, Skefilsstaðahreppi. Heimili þess og varnarþing er í Skefilsstaðahreppi, Skagafirði.

**2. gr.**

Félagið nær til jarða, sem land eiga að Laxá, Grímsá, Ytri og Syðri Tjörnum í Hvammslandi og síki í Sævarlandsengi, en þær eru Sævarland, Hvammur, Skíða- staðir, Herjólfstaðir, Heiði, Illugastaðir, Hrafnagil, Hafragil, Þorbjargarstaðir, auk þess liggja afréttarlönd að þessu vatnasvæði.

**3. gr.**

Verkefni félagsins er að stunda fiskirækt og viðhalda góðri fiskgengd á félags- svæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður hverju sinni.